

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



| | | | |
|----------------------------|------------------------------|--------------------------------|----------------------|
| Dags eftirlits | 19.11.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | Alur Álvinnsla (áður Kratus) | Eftirlitsmaður | Sverrir Aðalsteinn |
| Heimili | Klafastaðavegi 4 | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna |
| Kennitala | 4307002270 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Brynja Silness | ÍSAT nr. | 3832 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ásgerður Þráinsdóttir | Staðsetning | 64,355088 -21,788370 |

Niðurstaða eftirlits

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins með Ali Álvinnslu. Engin ný frávik komu fram frá starfsleyfi.

Umfang eftirlits

Staða frávik

1. Úrbótaáætlun vegna frávik er varðaði óafgirta lóð og geymslu efna á nærliggjandi lóðum stefndi að verklokum fyrir 1. júní. Búið er taka til á nærliggjandi lóðum og girða til að hluta til um verksmiðju, áætlað er að framkvæmdum ljúki fyrir áramót.

2. Frávik er varðar uppsafnaðar birgðir af saltköku er enn í eftirfylgni, 4000 tonn fóru út nú í mars og um 2000 tonn í nóvember. Ráðgert er að önnur 2000 tonn fari út í mars á næsta ári. Um 2000 tonn verða til af saltköku á hverju ári og nú eru geymd um 1200-1500 tonn í Vogatungi til viðbótar við það sem geymt er nú á verksmiðjusvæðinu og í gámum á lóð sem er leigð við hlið verksmiðjunnar.

3. Alur álvinnsla hefur sótt um nýtt starfsleyfi til að heimila vinnslu með saltlausum ferli í verksmiðjunni. Gjallsandur sem skilin er frá í ferlinu er skilað til Norðuráls sem urðar hann í samræmi við sitt starfsleyfi í flæðigryfju. Umhverfisstofnun bíður eftir fullnægjandi gögnum frá rekstraraðila til að halda áfram starfsleyfisvinnslu.

4. Útblástursmælingar. Þann 29. ágúst sl. var framkvæmd mæling í útblásturslofti og mældist styrkur vetnisflúors (HF) 71, 3 mg/Nm³ sem er yfir mörkum starfsleyfis. Áður hefur verið skráð frávik vegna fyrri mælinga sem stendur opið. Til stendur að prófa virkni með öðru íblöndunarefni, Sorbakal í desember og hefur verið sett upp aðstaða til þess við ofn verksmiðjunnar. Búið er að panta aðra mælingu til að kanna virkni íblöndunarefnisins á styrk í útblæstri.

5. Í sumar fóru fram hávaðamælingar við verkmiðjuna og voru þær innan marka og því frávik hvað það varðar lokað.

6. Búið er að gera við skemmdir á þaki í Vogatungu og er frávik lokað hvað það varðar.

7. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hefur verið skilað til stofnunarinnar og er frávikinu lokað.

Farið var yfir grein 2.2. í starfsleyfi er varðar móttöku hráefna. Farið var yfir mánaðarskýrslur og hvernig er fylgst er með því að álgjall innihaldi a.m.k. 20% af áli. Einnig var farið yfir skráningar skv. gr. 3.2 en bæta má nýjum mengunarmælingum þar inn en ekki var tilefni til annarra athugasemda.

Gr. 3.3 - Áhættumat og viðbragðsáætlun. Áhættumat og viðbragðsáætlun var sent stofnuninni eftir að eftirliti lauk og hefur stofnunin ekki athugasemdir. Á svæðinu er niðurgrafinn tveggja hólfa olíutankur sem rýmir 10.000 og 5.000 lítra af olíu en áhættan er metin hæst vegna olíumengunar.

Gr. 4.6 - Tryggingar vegna bráðamengunar. Skv. Rekstraraðila er til staðar trygging fyrir bráðamengun hafs stranda skv. starfsleyfi.

Farið var í vettvangsferð um verksmiðjuna og verksmiðjusvæðið. Verið var að steypa í mót á meðan eftirliti stóð. Mikil tiltekt hefur átt sér stað fyrir aftan verksmiðjuna og búið var að steypa grunn fyrir girðingu sem ráðgert er að verði sett upp fyrir áramót. Eftirlitsmenn fóru einnig að geymslu í Vogatungu og staðfestu að úrbætur á þaki hefðu átt sér stað.

Annað

Skv. mæliáætlun á að mæla PCDD/PCDF í sífuryki einu sinni á ári en við eftirlit fannst ekki mæling þessa árs. Í næsta eftirliti verður kannað hvort mæling hafi átt sér stað á árinu 2019.

Reykjavík, 13.01.2020



Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

